

Bekkjarnámskrá 10. bekkjar- veturinn 2017 - 2018

Umsjónarkennarar:

Bryndís Bjarnason, Bergljót Halldórsdóttir fyrir áramót og Bryndís Bjarnason og Jón Hálfván Pétursson eftir áramót.

Námstilhögun:

Í tíunda bekk eru 43 nemendur. Kennt er í stofum 212, 213 og 211. Kennsluhættir eru hefðbundin faggreinakennsla og er nemendum skipt í tvo hópa nema í stærðfræði. Þar er hópnun skipt í þrjá hópa

Námsmat: Framkoma, ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir meðfylgjandi námsmatskvarða. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á www.mentor.is

	Framúrskarandi	A
	Hæfni náð	B
	Á góðri leið	C
	Hæfni ekki náð	D

Íslenska

Kennslustundir eru 6 á viku

Kennarar:

Bergljót Halldórsdóttir, Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Herdís M. Hübner

Markmið:

Að nemendur:

- kunni að greina alla orðflokka í íslensku og beygingaratriði þeirra.
- þjálfist í að tjá sig og beita mismunandi stíl í rituðu máli m.t.t. viðtakenda og efnis.
- lesi mismunandi texta og kunni að beita mismunandi lestraraðferðum.
- þekki og geti notað helstu hugtök í umfjöllun um bókmenntir.
- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega.

- kunning að nýta sér hjálpargögn á netinu.

Námsefni:

Logar, Málfinnur, Málið í mark – óbeygjanleg orð, Gísla saga Súrssonar, Strákurinn í röndóttu náttfötunum. Unnið skv. aðferðum Læsis til náms og Orðs af orði. Lestur bóka að eigin vali. Önnur verkefni af ýmsu tagi.

Námsmat: Vinna í tímum, verkefnaskil og kannanir allan veturinn.

Stærðfræði

Kennslustundir eru 6 á viku.

Kennarar: Berglind Árnadóttir, Bryndís Bjarnason, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Jón Hálfán Pétursson

Kennslufyrirkomulag: Hópnum er skipt upp í 3 hópa með 4 kennara. Berglind er sérkennari og sér um skipulag fyrir nemendur með sérþarfir.

Markmið:

Að nemendur:

- hafi vald á grunnaðgerðunum fjórum.
- þekki, skilji og geti notað þau hugtök sem unnið er með hverju sinni og að þau gagnist þeim í daglegu lífi.
- fái heildarinnisýn í heim stærðfræðinnar.

Námsefni:

Skali 3A, Skali 3B, nemendabók og æfingarhefti, Almenn stærðfræði 2 og 3, ásamt ýmsu aukaefni sem er afhent í gegnum Google classroom og Showbie.

Heimavinna:

Heimavinna ræðst af virkni í tímum. Nemendur fá áætlun fyrir hvern dag og þurfa að ljúka við hana heima ef ekki tekst að ljúka í skólanum. Vinnuáætlun er inni á Mentor.

Námsmat: Símat sem byggist á einstaklingsverkefnum, hópverkefnum og kaflaprófum. Námsmatið er sett inn á Mentor.

Enska

Kennslustundir eru 4 á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh

Markmið:

- Að auka færni nemenda í að skilja mælt mál og ritað og tjá sig á því, bæði munnlega og skriflega. Áhersla er lögð á aukna þekkingu í málfræði og aukinn orðaforða.
- Að gefa nemendum innsýn í menningu og síði enskumælandi þjóða.
- Að nemandi sé meðvitaður um eigin ábyrgð á árangri og framförum í námi.

Námsefni:

Spotlight 10 lesbók og vinnubók, Ghost Stories, kjörbækur, ýmsar lestrarbækur, þemaverkefni og námsefni af netinu. Hljómbönd og myndbönd eru notuð í tengslum við námsefnið. Rafræn orðabók á snara.is

Námsmat: Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, sagnapróf, kaflapróf og kannanir.

Danska

Kennslustundir eru 4 á viku

Kennarar:

Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir

Markmið:

- Að auka færni nemenda í að skilja mælt og ritað mál og að tjá sig á málinu bæði munnlega og skriflega.
- Að gefa nemendum innsýn í siði, venjur og daglegt líf þeirra er tala dönsku.
- Að auka orðaforða, skilning og færni sem nýtist í framhaldsnámi og daglegu lífi.

Námsefni:

Ekko lesbók og vinnubók . Smásögur úr ýmsum áttum. Lesbækur og verkefni. Taletid, þemaverkefni . Hringekja (ýmis verkefni), ýmsar danskar myndir og þættir. Sagnapróf Orðabók :Islex.is

Námsmat: Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, sagnapróf, kaflapróf og kannanir. Ekki annar-
eða lokapróf

Samfélagsfræði

Kennslustundir eru 3 á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson .

Námstilhögun: Á haustönn verður Þjóðfélagsfræði lesin. Eftir áramót verða valdir kaflar í sögu eftirstríðsáranna ásamt völdum köflum í Þjóðfélagsfræði.

Þjóðfélagsfræði

Námsefni: Þjóðfélagsfræði eftir Garðar Gíslason.

Markmið:

Að nemendur geti

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra og útskýrt hvernig sjálfsmýnd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt,
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, og sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum,
- tileinkað sér virðingu fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs,
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis og greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga,
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins,
- fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

Saga

Námsefni: Frelsi og velferð_(saga 20. aldar II)

Markmið:

Að nemendur geti:

- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabilið, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla,
- greint margs konar gögn, túlkað margvíslegar heimildir,
- útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum
- nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þeirrar þekkingar á ábyrgan og gagnrýninn hátt
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda

Námsþættir: Kalda stríðið, velferð og neyslusamfélag, deilur í Mið-Austurlöndum, sjálfstæðisbarátta í nýlendunum, sameining og klofning Evrópu, Ísland í veröld nútímans.

Náttúrufræði

Kennslustundir eru þrjár á viku.

Kennarar: Bryndís Bjarnason og Jón Hálfðán Pétursson

Námstilhögun:

Vetrinum er skipt í tvær annir. Á haustönn er kennd líffræði en eðlisfræði á vorönn .

Líffræði

Markmið:

Að nemendur geti:

- útskýrt hvernign einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með neyslu og hegðun
- útskýrt hvað einkennir lífskikyrði manna og hvað flest í því að taka ábyrgð á eigin heilsu
- rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó
- lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra
- útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.
- Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálbæra þróun

Námsefni:

Maður og náttúra

Námsmat:

Símat: verkefni, vinnubók og vinnubrögð metin til einkunnar og birt á Mentor.

Eðlisfræði

Markmið:

Að nemendur geti:

- Útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftlagsbreytingar, ástæður og afleiðingar
- Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi útskýrt einfaldnar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns
- Gert greint milli ólíkra krafta og geti nýtt þá þekkingu til að útskýra hversdagsleg fyrirbæri í umhverfinu
- Gert grein fyrir eindöldum vélum og hvernig þær hafa verið notaðar til að létta mönnum margs konar verk
- Geti gert grein fyrir eðlisfræðilegri merkingu orðsins vinna og þekki gullnu reglu aflfræðinnar.

Námsefni:

Eðlisfræði 1 og Eðlisfræði 2

Námsmat:

Símat: verkefni, vinnubók og vinnubrögð metin

Lífsleikni

1 kennslustund á viku

Kennarar: Umsjónarkennarar, en einnig koma gestir sem kynna ýmis málefni.

Markmið:

Að nemendur:

- séu meðvitaðir um mikilvægi þess að móta styrka sjálfsmynd og rækti með sér samkennd og samhygð.
- sýni virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- styrki sjálfsmynd sína.
- þjálfist í að koma fram.
- efli þátttöku sína í samfélaginu, bæði innan og utan skólans.

Námsefni: Bekkjarfundir, ýmis myndbönd, efni af netinu, efni frá kennurum og fyrirlestrar frá sérfræðingum.

Íþróttir

Kenndar eru 3 kennslustundir í íþróttum á viku.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson og Árni Heiðar Ívarsson

Markmið:

Að nemendur:

- efli og bæti heilsu sína.
- fái áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.
- temji sér hreinlæti og snyrtimennsku.

Námstilhögun: Kennt er í íþróttahúsinu Torfnesi og í íþróttahúsinu við Austurveg.

Árganginum er kennt í tveimur hópum í íþróttum.

Námsmat: Prófaðárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

Valgreinar:

Skólaárið 2017 – 2018 eru eftirtaldar valgreinar kenndar í 9. og 10. bekk Grunnskólans á Ísafirði. Allir nemendur munu stunda nám í svokölluðum kjarna en gefst kostur á að velja aðrar námsgreinar. Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvaða námsgreinar þeir leggja stund á.

Í einstökum námsgreinum í frjálsum vali er líklegt að einhver blöndun verði á nemendum í 9. og 10. bekk.

Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og séu meðvitaðir um inntak þeirra námsgreina sem þeir velja. Mælt er með því að nemendur ræði við þá kennara sem kenna umræddar greinar og afli sér sem besta upplýsinga. Nemendur geta einnig leitað ráða hjá umsjónarkennara sínum og námsráðgjafa ef um einhver vafaatriði er að ræða.

Að gefnu tilefni skal nemendum bent á að hver og einn á að velja sér þá leið í námi sem hann telur henta sér best. Ekki velja með það í huga að gera eins og besti vinurinn/vinkonan.

Val nemenda hefur að sjálfsögðu áhrif á skipulag komandi skólaárs og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst á komandi hausti.

Það skal tekið fram að stundum er ekki hægt að verða við ýtrustu óskum nemenda varðandi valið ef t.d. ekki fæst kennari eða of fáir velja og því verður að skoða hvaða grein getur komið í staðinn.

Námsgreinar nemenda í 9. og 10. bekk munu skiptast í tvennt: kjarnagreinar og frjálst val.

Kjarnagreinar standa saman af íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, sundi og íþróttum.

Frjálst val eru þær greinar sem nemandi velur af valblaðinu og þarf hver nemandi að skila sjö stundum á viku í vali sem getur orðið þannig að þær eru fleiri öðru hvoru megin við áramót þar sem sumar valgreinar eru kenndar hálfan veturinn.

ísl	stæ	ens	dan	nátt	sam	lífs	íþr	sund	samt	val	samt
6	6	4	4	3	3	1	2	1	30	7	37

Nemendur geta fengið fullt nám við tónlistarskóla og íþróttabjálfun metna sem tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Aðeins er hægt að fá hvort metið einu sinni þó verið sé að læra á fleiri hljóðfæri eða æfa fleiri en eina íþrótt.

Fab-Lab

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

- að nemendur nýti sitt eigið frumkvæði og sköpun.
- að nemendur kynnist heildarferli þess að hanna og búa til eigin vöru.
- að nemendur nái tökum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape og Google Sketchup, og geti unnið sjálfstætt í þeim.
- að nemendur kynnist tækjum í stafrænu FabLab smiðjunni, nái tökum á notkun þeirra og nýti þau til að búa til frumgerð söluvörunnar.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri og stafrænni FabLab smiðju.

Kennslugögn: Af neti og tekin saman af kennara.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna í tölvuveri skólans og FabLab í kennslustundum og í FabLab smiðju á opnunartíma smiðjunnar ef þess gerist þörf. Nemendur skila fimm verkefnum sem metin eru til einkunnar. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni sem og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat: Verkefni, sjálfsmat og jafningjamat.

Fata/bútasauður

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

Að nemendur:

- læri að þekkja helstu vefjarefni og meðferð þeirra
- læri að taka upp snið úr tískublöðum, sníða og sauma flíkur

- hafi þróað með sér ákveðinn stíl í lok námskeiðs og kunnir undirstöðuatriðin í hönnun
- Kennsluaðferðir:** Einstaklingsvinna með aðstoð kennara. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og eigin útfærslu á verkefnum.
- Verkefni:** Leggings og bolur með einföldu sniði. Ef nemendur hafa séróskir þá er tekið tillit til þeirra.
- Námsmat:** Vinnubrögð, ástundun og áhugi.

Fornám ökunáms

Námskeiðið er ætlað 10. bekkingum sem undirbúningur til að hefja ökunám.

Kennari: Auður Yngvadóttir

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um umferðarmál í víðum skilningi þess hugtaks. Stefnt er á að gera nemendur betur í stakk búna að hefja ökunám og að þeir verði betri ökumenn framtíðarinnar.

Námsþættir: Farið verður yfir þætti er varða umferð og umferðarmenningu, slys og afleiðingar hraðaksturs, tryggingar og búnað ökutækja. Athugaður verður kostnaður við rekstur ökutækja. Farið verður yfir umferðarmerki og umferðarlög.

Kennslugögn: Myndbönd (um umferð og afleiðingar slysa). Kennsludiskar og umferðarpróf á heimasíðum Umferðarstofu og tryggingarféлага. Kennsluefni úr ýmsum áttum t.d. frá Ökukennarafélagi Íslands

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum 30%, ýmis verkefni 40%, stuttar kannanir 30%

Námsaðstoð

Kennari: Guðríður Þorbjörnsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn.

Námsþættir: Kennarar taka við nemendum sem þurfa aðstoð við heimanám. Valið kemur inn á stundatöflu og er mætingaskylda eins og í aðrar greinar.

Heimilisfræði – val

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Kennslustaður: Heimilisfræðistofa 119.

Kennslustundafjöldi: Sem samsvarar 2 kennslustundum á viku hálfan veturinn (til skiptis 80 og 100 mínútur).

Námstilhögun: Að mestu leyti verkleg kennsla en einnig fræðsla og umræður um ýmislegt sem fellur undir markmiðin hér að neðan samhliða verklegri kennslu.

Námsgögn: Matur og menning, Næring og lífshættir, Heimilisfræði unglíngastig uppskriftir, annað efni frá kennara.

Markmið: – að nemendur:

- geti skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum með áherslu á snyrtimennsku, frumkvæði og skipulag
- læri að beita helstu matreiðsluaðferðum

- geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við gott heilsufar og séu meðvitaðir um eigin ábyrgð í þeim málum
- auki þekkingu sína um sjálfbærni, læri að setja viðfangsefni í samhengi við hana (umgengni, endurnýting, sparnaður, jafnrétti, lýðræði, hreinleiki) og átti sig á uppruna helstu matvæla
- geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum heimilishalds, læri að meta útlit og gæði matvæla og geti útskýrt hvernig á að geyma þau
- að nemendur fái tækifæri til þess að þroska eigin sköpunarhæfni

Námsmat: Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið – yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

Leiklist

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Kennslustundir: 2 á viku, hálfan veturinn

Markmið:

- að nemandi kynnist grunnþáttum leiklistar.
- að nemandi auki tjáningarþor sitt.
- að nemandi þjálfist í að koma fram.
- að nemandi kynnist vinnu sem snýr að uppsetningu leiksýningar og stærri verkefna.
- að nemandi byrji að kynnast sínum innri trúð.

Námstillöggun: Í ágúst og september verður farið í grunnþætti leiklistar í gegnum ýmiskonar leiki og æfingar. Í október og nóvember verða æfingar vegna uppsetningar á leikriti sem verður frumsýnt á 1. des hátíð skólans.

Námsmat: Mat í leiklist er mjög persónulegt og fær hver nemandi umsögn frá kennara í lok vetrar.

**Í tengslum við uppsetningar fyrir 1. des munu verða miklu fleiri æfingar en sem þessu nemur á öðrum tímum en getið er um í stundatöflu, í staðinn verða tímar felldir niður á móti þegar rólegra er.*

Líkamsrækt og þjálfun

Þetta val er aðeins fyrir nemendur sem ekki æfa neinar íþróttir

Kennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku hálfan veturinn.

Markmið: Nemendur fari í fjölbreyttar líkamsræktartegundir ásamt því að ræða um matarræði og heilbrigðan lífsstíl.

Kennslugögn: Nauðsynlegt er að nemendur hafi fatnað við hæfi hvers tíma.

Næringarfræði

Kennari: Atli Freyr Rúnarsson

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á hálfan veturinn.

Markmið: Auka grunnþekkingu nemenda í næringarfræði.

Námsþættir: Orkuefnin, bætiefni og matardagbækur

Námsmat: Verkefni 60%, próf 40%

Prjón og hönnun

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir

Markmið: Að nemendur:

- geti fylgt uppskrift og jafnvel breytt eftir eigin hugmyndum
- læri að þekkja muninn á ullar/bómullargarni og garni úr gerviefnum.

Kennsluaðferðir: Nemendur velja það verkefni sem þeir vilja gera með aðstoð kennara.

Námsmat: Vinnubrögð, vandvirkni og ástundun.

Verkefni: Ýmis verkefni eru í boði; lopapeysur, barnapeysur, vettlingar, húfur o.fl.

Námsmat: Einkunn gefin að vori.

Skák

Kennari: Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Kennslustundafjöldi: 1 tími á viku hálfan veturinn.

Markmið: Að nemendur kynnist reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum.

Námsefni: Ýmis gögn frá kennara

Námsmat: Ástundun og framfarir.

Skólahreysti

Kennari: Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku allan veturinn

Markmið:

- að nemendur setji sér markmið og undirbúi þjálfun sem miðar að því.
- að nemendur taki ábyrgð á eigin þjálfun.
- að nemendur læri um upphitun, þol, kraft og hreyfiþroska.

Lýsing: Þessi valgrein er hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa hug á að keppa í skólahreysti næsta vetur. Ef svo fer að Grunnskólinn á Ísafirði fer aftur til Reykjavíkur í aðalkeppnina

munu nemendur þurfa að sýna fram á góða ástundun og mætingar í skólanum til að fá að fara fyrir hönd skólans.

Smáskipanám

Eingöngu ætlað nemendum í 10.bekk.

Námskeiðið er kennt í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fer kennslan fram þar. Kennst er samkvæmt skipulagi framhaldsskóla og því er 80% mætingarskylda í þessa tíma.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku allan veturinn.

Markmið:

- að nemendur læri siglingarfræði og siglingarreglur
- að nemendur læri að nota sjókort, kompás, klukku, vegmæli, dýptarmæli og flóðatöflu.

Kennslugögn: Sjókort, sirkill, gráðubogi

Námsmat: Prófdómari kemur með próf sem er samræmt um allt land. Standist nemendur próf að vori í þessari grein gefur það þeim réttindi til skipstjórnar á skemmtibátum, allt að 12 metra löngum, að loknum tilskildum siglingartíma.

Spænska

Kennari: Herdís M. Hübner

2 kennslustundir á viku, hálfan veturinn

Markmið:

- að nemendur fái nokkra innsýn í tungumálið, grunnatriði í málfræði og helstu framburðarreglur
- að nemendur geti sagt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og nánasta umhverfi
- að nemendur geti spurt einfaldra spurninga
- að nemendur kunni tölur frá 1-100
- að nemendur kunni vikudagana
- að nemendur eigi auðveldara með að ákveða hvort þeir vilja kynna sér þetta tungumál betur í framhaldsskóla.

Námsefni: Fjörlitað efni úr ýmsum áttum. La tienda de Luis – spænskukennsluþættir. Tónlist. Duolingo.

Kvikmyndin Volver.

Námsmat: Nemendur taka próf í lokin. Verkefnavinna og virkni í tímum gilda til námsmats.

Spilað á gítar

Kennari: Andri Pétur Þrastarson

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Markmið: Nemendur læri gítarhljóma og nöfn þeirra, geti spilað lög sem þeim líkar og læri að stilla og hugsa um gítarinn. Þeir sem treysta sér til geta æft söng með gítarkennslunni.

Námsefni: Nemendur þurfa sjálfir að koma með kassagítar.

Fyrirkomulag kennslu: Hópakennsla og þess ber að geta að kennarinn talar aðeins ensku.

Teiknun/málun

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

- að nemendur kunni skil á mismunandi aðferðum við teiknun, skyggingu og fjarvídd
- að nemendur kunni rétta meðferð mismunandi lita og málningar
- að nemendur þekki til vestrænnar nútímalistar og einnig íslenskrar
- að nemendur þjálfist í að skoða og tala um myndlist

Námsþættir: Línuteikning, hlutateikning, þrívídd, fjarvídd, skygging, portrett, módel, uppstilling, málun með mismunandi litum, stuttar listasögukynningar og athugun á málverkum. Hugmyndavinna, skissugerð og frágangur í málun

Kennslugögn: Hvers konar efni

Námsmat: Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni og vinnubrögð gilda 60%, ástundun og áhugi 20% og frumkvæði og frágangur 20%

Tónlistarnám

Fullt nám við Tónlistarskólann á Ísafirði og Listaskóla Rögnvaldar getur komið í stað tveggja stunda vals allan veturinn.

Tækniráð

Kennslustundafjöldi: 1 stundir á viku allan veturinn

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Markmið: Að nemendur læri

- helstu þætti uppsetninga, tengingu og notkun ljósa
- Helstu þætti uppsetningu, tengingu á mixer, hátölurum
- Nemendur sjá um tæknimál í sambandi við ýmsar uppákomur

Námsefni: Ýmsar handbækur, ásamt þeim tækjum sem til eru í skólanum og félagsmiðstöð

Námsmat: Miðað við námsmat skóla

Ljósmyndun

Þeir sem velja ljósmyndun verða að koma sjálfir með stafræna myndavél.

Markmið: Nemendur læri um undirstöðu ljósmyndunar, ljósop, hraða, dýptarskerpu o.fl. og geti unnið myndir í einföldum forritum.

Námsþættir: Notkun myndavélar, myndvinnsla í tölvum, uppbygging myndefnis.

Kennslugögn: Stafræn ljósmyndun-nemendaefni 2007, eftir Karl Jeppesen og Marteinn Sigurgeirsson.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Tölvuval

Kennari: Elín Þóra Friðfinnsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Markmið:

- að nemendur dýpki þekkingu sína á algengustu forritunum.
- að nemendur nýti sköpunargáfu sína til útfærslu á verkefnum.
- að nemendur geti unnið sjálfstætt.
- að nemendur nái tökum á notkun algengustu jaðartækja tölva.
- að nemendur kynnist betur vélbúnaði tölvunnar.
- að nemendur kynnist betur hugbúnaði tölva.
- að nemendur geri sér betur grein fyrir þeim samskiptareglum sem gilda í netheimum og hvað felst í því að vera ábyrgur netverji.
- að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun í upplýsingaöflun af neti.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri.

Kennslugögn: Af neti og tekin saman af kennara.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna í tölvuveri. Nemendur skila verkefnum sem metin eru til einkunnar. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni sem og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat: Verkefni, sjálfsmat og jafningjamat.

Trésmíði (hönnun og smíði)

Markmið: að gefa nemendum tækifæri á að byggja ofan á þá þekkingu sem þeir hafa fengið í yngri bekkjum.

Námsþættir: Nemendur hannað hlut út frá fyrirfram gefnu verkefni og teikna vinnuteikningar til að útskýra hvað þeir ætla að gera og málsetja teikningar svo kennari sjái hversu stór hluturinn er. Nemendur fá aðstoð kennara við að koma hugmyndum sínum í verk.

Námsmat: Vinnubrögð, framkoma, sjálfstæði og virkni vega 10% hvert, verkefni 60%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Marta Sif Ólafsdóttir

Tæknilegó

Markmið:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun

- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfra nemendur í samvinnu

Hópnum er skipt í nokkra minni hópa og hver hópur vinnur ákveðinn hluta stóra verkefnisins. Allir hjálpast að við að byggja þrautabrautina.

Unnið er að

- smíði á vélmenni úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmennisins
- rannsóknarverkefni um ákveðið efni
- dagbók
- skemmtiatriði

Stefnt er að því að taka þátt í keppni í Reykjavík þar sem allir þessir þættir þurfa að vera.

Námsmat:

Lykilhæfnipættir sem metnir verða eru:

- ábyrgð
- þrautseigja
- frumkvæði og áræðni
- samskipti og samstarf
- námsvitund
- tjáning

Kennari: Jón Hálfván Pétursson

Myndmennt

Kennt er í 2 hópum fyrir og eftir áramót. Vikulegar kennslustundir eru 2.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Markmið: Að nemendur:

- kynnist nútímalistasögu og skoði og fjalli um verkin. Nýtt sér upplýsingamiðla til þess að læra meira um nútímalist, t.d. skoði vefsíður og vefsýningar um nútímalist.
- Vinni verk að eigin vali sem felur í sér hugmyndavinnu, skissugerð og verklega útfærslu. Beiti tilraunastarfssemi til þess að finna endanleg framsetningu.
- finni sér í samráði við kennarann þær aðferðir og þá tækni sem hentar þeim best til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri.
- temji sér sjálfstæð, góð og frumleg vinnubrögð.
- rýnt í eigin verk og annarra á gagnrýninn hátt.
- sæki söfn og sýningar þar sem því verður við komið.

Námsmat: Einkunn gefin í bókstöfum og umsögn um vinnubrögð, ástundun.

Þýska

Kennd verða undirstöðuatriðin.

Markmið:

- að nemendur fái nokkra innsýn í tungumálið, grunnatriði í málfræði og helstu framburðarreglur
- að nemendur geti sagt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og nánasta umhverfi
- að nemendur geti spurt einfaldra spurninga
- að nemendur kunni tölur frá 1-100
- að nemendur kunni vikudagana
- að nemendur eigi auðveldara með að ákveða hvort þeir vilja kynna sér þetta tungumál betur í framhaldsskóla.

Kennslugögn: Útbúin af kennara

Námsmat: Mæting og ástundum 50%, próf 50%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Herdís Hübner